

kostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 20 krónur.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu og málskostnaður falli niður.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Vinni kærandi, Margrét Ingibjörg Halldórsdóttir, eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að hún hafi haft holdlegar samfarir við kærðan, Martin Christian Fredriksen, á tímabilinu frá 10. maí til 30. júlí 1936, þá skal hann teljast faðir að barni því, er kærandi ól þann 30. marz 1937. Þá greiði hann og meðlag með barninu og barnsfararkostnað til barnsmóður, svo og styrk til hennar fyrir og eftir barnsburð, samkvæmt úrskurði yfirvalds, og loks 20 krónur í málskostnað.

Vinni kærandi hinsvegar ekki svofelldan eið, skal kærður vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu, og málskostnaður falli niður.

Dóminum skal fullnægt að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1938.

Nr. 115/1937. **Valdstjórnin** (Theodór B. Líndal)

gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

(Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson
í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann, þó þannig.

að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Svo ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur og teljist frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theodórs B. Líndal og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. sept. 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Ólafi Kjartan Ólafssyni, atvinnulausum, til heimilis í Hafnarstræti 18, hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 25. júlí 1914, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærnum og refsingum:

- 1927 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir hlutdeild í innbrotsþjófnaði, málið afgreitt til dómara.
- 1933 $\frac{1}{11}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 500 króna sekt fyrir bruggun og sölu áfengis.
- 1934 $\frac{2}{2}$ Dómur hæstaréttar, 400 króna sekt fyrir brot gegn 42. gr. áfengislaganna.
- 1934 $\frac{1}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði, skilorðs-

- bundið, fyrir innbrotspjófnað, og in solidum 150 króna skaðabætur.
- 1934 $2\frac{1}{2}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 300 króna sekt fyrir brot gegn áfengislögunum og ósvífni við lögregluna. Staðfest i hæstarétti $2\frac{1}{2}\%$ 1935.
- 1934 $2\frac{1}{10}\%$ Dómur Hæstaréttar, fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í 20 daga og 800 króna sekt fyrir brot gegn 6. gr. sbr. 30. gr. laga nr. 64/1930.
- 1934 $\frac{5}{12}\%$ Sætt 100 króna sekt fyrir slagsmál.
- 1935 $1\frac{1}{6}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangavíðurværi fyrir þjófnað og ólöglega vinnautn í veitingahúsi.
- 1935 $\frac{7}{8}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 8 mánaða betrunarhúsvinna fyrir þjófnað.
- 1936 $\frac{9}{10}\%$ Sætt 10 króna sekt fyrir hjólreiðar niður Bankastræti.
- 1936 $3\frac{3}{12}\%$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangavíðurværi fyrir brot gegn 8. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 231. gr. 4. mgr. hegningarlaganna og 17. gr. sbr. 37. gr. 1. málsg. áfengislaganna.

Með játningu kærða er það sannað, að hann hefir í undanfarinn hálfan mánuð til þrjár vikur selt áfengi hinum og öðrum við höfnina hér í bænum með 3ja króna álagningu á flöskuna. Hefir salan venjulega numið 3 flöskum á dag, nema um helgar, þá 7—8 flöskur.

Á umræddum tíma hefir kærði ekkert starfað annað en að selja áfengi, og verður að telja hann hafa stundað sölu þessa í atvinnuskyni.

Með áfengissölonni hefir hann gerzt brotlegur við 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2. mgr. áfengislaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað. Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Ólafur Kjartan Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangavíðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna

sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. janúar 1938.

Nr. 191/1936. **Strætisvagnar Reykjavíkur h/f**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Sigurbergi Elíssyni og gagnsök

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Skaðabætur fyrir slit á vinnusamningi.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson
í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu hingað til réttarins með stefnu útgefinni 28. des. 1936. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í málinu og málskostnaðar fyrir báðum réttum eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 12. janúar 1937. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum 1800 krónur með 5% ársvöxtum frá 17. febr. 1936 til greiðsludags, en *til vara*, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Svo krefst hann og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi rökstyður aðalkröfu sína hér fyrir rétti, eins og í héraði, með því, að aðaláfrýjanda